



Borgarráð

## **Samþykkt velferðarráðs um hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu**

Á fundi velferðarráðs þann 8. nóvember 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu:

Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir:

Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr 239.895 kr. í 247.572 kr. á mánuði.

Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr 383.832 kr. í 396.115 kr. á mánuði.

Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr 202.123 kr. í 208.591 kr. á mánuði.

Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr 119.948 kr. í 123.786 kr. á mánuði.

Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækki úr 19.254 kr. í 19.870 kr. á mánuði.

Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2025. Áætlað er að aukinn kostnaður við breytinguna nemi um 113 m.kr. á ári.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Upphæðir fjárhagsaðstoðar þurfa að duga til að lifa mannsæmandi lífi. Líkt og kemur fram í reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar er skylt að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Grunnupphæð fjárhagsaðstoðar miðast nú við 247.572 krónur á mánuði fyrir skatt frá og með 1. janúar 2025 fyrir manneskju sem rekur eigið heimili og getur sýnt fram á það t.a.m. með því að leggja fram þinglýstan húsaleigusamning. Upphæðirnar eru breytilegar t.a.m. út frá húsnæðisstöðu og sambúðarformi. Augljóst er að um er að ræða mjög lága upphæð og ekki er hægt að sjá hvernig ætlast sé til þess að fólk komist í gegnum dagana á þessum lágu upphæðum. Sósíalistar hafa margsinnis lagt fram tillögur um hækkun fjárhagsaðstoðar og þær tillögur ekki náð fram að ganga.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:





Meirihlutinn leggur til að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar verði hækkaðar um 3,2%. Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr 239.895 kr. í 247.572 kr. á mánuði. Flokkur fólksins telur þetta vera smánarlega litla hækkun sérstaklega í ljósi mikillar dýrtíðar og hefur matarkarfan hækkað gríðarlega. Fulltrúi Flokks fólksins telur að við ákvörðun um árlega uppfærslu fjárhagsaðstoðar verði að hafa í huga að þeir sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda lifa við fátækt og jafnvel sárafátækt. Flokkur fólksins var stofnaður til að að berjast gegn fátækt en því miður hefur fátækt aukist í Reykjavík og einnig almennur ójöfnuður. Við fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 lagði Flokkur fólksins til hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar og ætti hækkunin að miða við prósentuhækkun matarkörfunnar. Þá lagði Flokkur fólksins til að grunnfjárhæð fyrir einstakling hækki úr 228.689 kr. á mánuði í 257.046 kr. Það sorglega er að grunnfjárhæðin sem nú er lögð til er langt undir þeirri fjárhæð. Þá vill fulltrúi Flokks fólksins vekja athygli á því að upphæð fjárhagsaðstoðar í Reykjavík á árinu 2024 samanborið við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu var sú næst lægsta, eingöngu Mosfellsbær var með lægri upphæð. Þetta er auðvitað til skammar.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytinganna í b-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu, lögð fram á fundi velferðarráðs 8. nóvember 2024.



Reykjavík



Reykjavík, 7. nóvember 2024

VEL24110004

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Efni tillögu: *Hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar til framfærslu*

Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu hækki sem hér segir:

- Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr 239.895 kr. í **247.572 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr **383.832 kr.** í **396.115 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr **202.123 kr.** í **208.591 kr.** á mánuði.
- Grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr **119.948 kr.** í **123.786 kr.** á mánuði.
- Fjárhæð vegna barna í 16 gr. a hækki úr **19.254 kr.** í **19.870 kr.** á mánuði.

Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2025. Áætlað er að aukinn kostnaður við breytinguna nemi um 113 m.kr. á ári.

### Greinargerð:

Í ákvæðum 9. mgr. 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð kemur fram að fjárhæðir greiðslna vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Fjárhæð grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar var síðast hækkuð um áramót 2023/2024.

Lagt er til að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar verði hækkaðar um 3,2% í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og taki hækkunin gildi þann 1. janúar 2025. Um er að ræða eftirfarandi breytingar á 1.-5. mgr. 10. gr. og 16. gr. a reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Breytingar eru með rauðu lettri:

1.-5. mgr. 10. gr.

Grunnfjárhæð

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að **247.572 kr.** ~~239.895 kr.~~ á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að **396.115 kr.** (**247.572 kr. x 1,6**). ~~383.832 kr.~~



Reykjavík



Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er ~~208.591 kr. 202.123 kr.~~ Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er ~~123.786 kr. (247.572:2) 119.948 kr. (239.895 kr.:2)~~. Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur ~~208.591 kr. 202.123 kr.~~

*16. gr. a*

*Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri*

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð til foreldra í þeim mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum vegna skólabyrjunar þann 15. ágúst og sérstaka aðstoð vegna jólahalds þann 1. desember á ári hverju. Um er að ræða ~~19.870 kr. 19.254 kr.~~ fyrir hvert barn í hvort skipti. Heimildin nær til þeirra foreldra sem fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í ágúst og desember ár hvert.

Kvarði fjárhagsaðstoðar	2024	Tillaga 2025
Grunnfjárhæð	239.895	247.572
Sameiginlegt húsnæði	119.948	123.786
Án þinglýsts húsaleigusamnings	202.123	208.591
Hjón/sambúð	383.832	396.115
<b>16.gr.a</b>	19.254	19.870

